



# Kynning á niðurstöðum 2. ársfjórðungs 2020/21

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og samstæðu

29. október 2020

# Fjórðungurinn í hnotskurn

- **Tekjur vöruhúsa og verslana aukast.** Á móti kemur samdráttur hjá Olís sem skilar óbreyttum tekjum samstæðunnar á milli ára
- **Afkoma batnar á milli ára** á öllum helstu mælikvörðum, þar á meðal framlegð, EBITDA, hagnaður og hagnaður á hlut
- **Verkefni síðustu mánaða hafa verið fjölbreytt.** Þar bera hæst aðgerðir vegna COVID, endurnýjanir verslana, aukin sjálfsafgreiðsla, fjölmörg verkefni í umhverfismálum og styrking aðfangakeðjunnar
- **Við leggjum höfuðáherslu á bættan hag neytenda,** meðal annars með því að einbeita okkur að því sem við erum góð í, auka samstarf innan samstæðunnar og tala við og skilja viðskiptavinum okkar betur

# Lykiltölur

2F 2020/21, ma. kr. (breyting í mö. kr. / prósentustigum frá 2F 2019/20)

**30,9**

vörusala

▲ 0,0

**3,0**

EBITDA

▲ 0,5

**1,3**

hagnaður

▲ 0,3

**23,5%**

framlegðarhlutfall

▲ 1,9%

**14,0%**

launa- og kostnaðarhlutfall

0%

**40,8%**

eiginfjárlutfall

▲ 1,6%

# Yfirlit

## Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Stefna og markmið

# Einingar Haga



- 31 verslun um allt land
- Mikill vöxtur vörusölu
- Framlegðarhlutfall undir væntingum

## HAGKAUP

- 8 verslanir
- Mikill vöxtur í vörusölu, sérstaklega í sérvöru
- Viðsnúningur í rekstri



- Breitt net um allt land
- Samdráttur í vörusölu
- Mun betri rekstrarafkoma eftir mótvind á 1F



- Aukin umsvif vegna veltuaukningar verslana
- Hagkvæmari rekstur

- Aukin sala til verslana innan samstæðu
- Samdráttur á HoReCa<sup>1</sup>



ÚTILÍF

ZARA

mjöll frigg



<sup>1</sup> HoReCa stendur fyrir Hotels, Restaurants & Catering

# Verkefni síðustu mánaða hafa verið fjölbreytt



**Öflugar  
sóttvarnir**



**Endurnýjaðar  
verslanir**



**Aukin  
sjálfsafgreiðsla**



**Aðgerðir fyrir  
umhverfið**



**Sterkari  
aðfangakeðja**




## Öflugar sóttvarnir

- **Gripid** hefur verið til **margvíslegra aðgerða** til að tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og samstarfsaðila
- **Sóttvarnir í efsta forgangi í öllum verslunum** og þjónustustöðvum fyrirtækja Haga
- **Starfsfólk í aðfangakeðju** **varið** með skiptingu í ólíka hópa og svæði
- **Fjarfundaskylda** á mörgum stöðum innan samstæðunnar
- **Mikil starfsemi** hjá Mjöll Frigg við **framleiðslu á sóttvarnarvörum** og **innflutning á sóttvarnarbúnaði** fyrir heilbrigðisstofanir



# Endurnýjaðar verslanir

- Bónus endurnýjar nú eldri verslanir til að bæta gæði, fríska upp á útlit og minnka orkunotkun og kolefnisspor
- Þá hefur Hagkaup endurnýjað verslanir sínar á Seltjarnarnesi og í Skeifunni
- Dæmi um endurbætur eru ný LED lýsing, lok á kæla og frysta, ný gólfefni og ný umhverfisvænni kælikerfi
- Loks hefur Hagkaup skipt út F&F fatnaði fyrir stærri leikfanga-, snyrtivöru- og búshaldadeildir í öllum verslunum til að mæta aukinni eftirspurn í þeim vöruflokkum







# Aukin sjálfs- afgreiðsla

- **Verslanir Haga hafa fjölgað sjálfsafgreiðslukössum** vegna ánægju viðskiptavina með styttri biðtíma og meira athafnarými
- Sjálfsafgreiðslukassar eru nú komnir í **allar matvöru- verslanir Hagkaups**
- **Meirihluti kassa í Bónus** eru nú sjálfsafgreiðslukassar. 156 slíkir auk 131 beltakassa svo **heildarfjöldi kassa hefur aukist**
- **Uppfærsla á kössunum á lokametrinum** þar sem myndavél mun þekkja vörur og flýta þannig fyrir afgreiðslu og auka öryggi í skönnun





## Aðgerðir fyrir umhverfið

- **Bónus viðheldur forystu-  
hlutverki** í umhverfismálum:
- Þátttakandi í **landsátaki í  
söfnun og sáningu birkifræja**
- Bakhjarl verkefnisins „**Frelsum  
strandlengju Íslands**“ undir  
verkstjórn Hrafns Jökulssonar  
og Veraldarvina
- **200 tonn af plasti sparast** frá  
því plastpokar voru teknir úr  
verslunum fyrir tveimur árum
- **Umhverfisverðlaun Terra 2020**
- **Olís lagt mikla áherslu á  
kolefnisjöfnun** og bauð  
ökumönnum **fría kolefnisjöfnun  
í sumar** í gegnum styrki til  
Landgræðslunnar



Mynd af Facebook-síðu  
Strandvarða Íslands



# Sterkari aðfangakeðja

- **Nýtt kæli- og frystivöruhús Aðfanga** við Korngarða er nú nær tilbúið eftir hraða framvindu síðustu mánuði
- Uppsetning á hillum og lokafrágangur stendur yfir - húsnæðið verður **tekið í notkun í nóvember**
- **Vöruhúsið mun styrkja Haga** með því að lækka rekstrar-kostnað Aðfanga og auka samlegðaráhrif við Banana
- **Nýr tækjabúnaður hjá Ferskum kjötvörum** var tekinn í notkun, sem eykur bæði magn og gæði eigin kjötvara Haga í Bónus og Hagkaupum



# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

**Fjárhagsuppgjör**

Stefna og markmið

# Góð rekstrarniðurstaða og hagnaður eykst um fjórðung

Rekstrarreikningur 2F 2020/21 (ma. kr.)

- **Vörusala stendur í stað** á milli ára
- **Framlegð eykst** um 9% og **framlegðarhlutfall hækkar** úr 21,6% í 23,5%
- **Framlegðarhlutfall** Hagkaups og Olís töluvert yfir væntingum en Bónus nokkuð undir
- **Rekstrarkostnaður** stendur nánast í stað milli tímabila
- **EBITDA afkoma** 530 m.kr. hærrí en á fyrra ári, eða 21% hækkun

	2F '20/21	2F '19/20	Δ	%Δ
Vörusala	30,9	30,9	-	-
<b>Framlegð</b>	<b>7,3</b>	<b>6,7</b>	<b>+0,6</b>	<b>+9%</b>
Aðrar rekstrartekjur	0,1	0,2	-0,1	-46%
Laun og launatengd gjöld	-3,1	-3,0	-0,1	+3%
Annar rekstrarkostnaður	-1,3	-1,4	0,1	-8%
<b>EBITDA</b>	<b>3,0</b>	<b>2,5</b>	<b>+0,5</b>	<b>+21%</b>
Afskriftir	-1,1	-0,9	-0,1	+14%
Hrein fjármagnsgjöld	-0,4	-0,3	-0,1	+32%
<b>Hagnaður</b>	<b>1,3</b>	<b>1,1</b>	<b>+0,3</b>	<b>+25%</b>

# Góð afkoma á 2F vegur að mestu upp lakari afkomu á 1F

Rekstrarreikningur 6M 2020/21 (ma. kr.)

- **Vörusala minnkar um 1%** á milli ára fyrstu sex mánuði rekstrarársins en **framlegð** stendur í stað, þrátt fyrir krefjandi aðstæður
- **Launakostnaður** hækkar um 5% sem að hluta má rekja til starfslokagreiðslna og lotunar á samningsbundnum starfslokakostnaði
- **Annar rekstrarkostnaður lækkar** milli tímabila, þrátt fyrir aukinn kostnað vegna COVID
- **Afskriftir og fjármagnskostnaður** hækka nokkuð milli tímabila

	6M '20/21	6M '19/20	Δ	%Δ
Vörusala	59,2	59,5	-0,3	-1%
<b>Framlegð</b>	<b>13,1</b>	<b>13,1</b>	-	-
Aðrar rekstrartekjur	0,2	0,3	-0,1	-31%
Laun og launatengd gjöld	-6,3	-6,0	-0,3	+5%
Annar rekstrarkostnaður	-2,6	-2,8	0,2	-7%
<b>EBITDA</b>	<b>4,3</b>	<b>4,5</b>	<b>-0,2</b>	<b>-5%</b>
Afskriftir	-2,1	-1,9	-0,2	+12%
Hrein fjármagnsgjöld	-0,9	-0,6	-0,2	+38%
<b>Hagnaður</b>	<b>1,2</b>	<b>1,7</b>	<b>-0,5</b>	<b>-29%</b>


# Rekstrarmælikvarðar breytast lítið miðað við síðasta tímabil

Lykilmælikvarðar rekstrar (1H 2018/19 - 1H 2020/21)


- **Launahlutfall** á tímabilinu hækkar um 0,6 prósentustig samanborið við fyrra ár
- **Hlutfall annars rekstrarkostnaðar** var 4,4% á tímabilinu og lækkar úr 4,7% á fyrra ári
- **EBITDA hlutfall** var 7,3% samanborið við 7,6% á fyrra ári.
- **Áhrif leigustaðals** IFRS 16 á EBITDA og kostnaðarhlutfall koma fyrst fram 1H 2019/20
- **Hagnaðarhlutfall** var 2,1% samanborið við 2,9% á sama árshelmingi fyrra árs

**Velta og framlegð**

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




**Rekstrar-kostnaður**

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




**Afkoma**

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



# Afkoma verslana styrkist en mótvindur er í rekstri Olís

Starfspáttayfirlit 6M (ma. kr.)

		6M '20/21	6M '19/20	Δ	%Δ
Verslanir og vöruhús	<b>Vörusala</b>	<b>43,4</b>	<b>39,2</b>	<b>+4,2</b>	<b>+11%</b>
	<i>Vöxtur</i>	<i>10,6%</i>	<i>3,9%</i>	<i>+6,7%</i>	<i>+170%</i>
	<b>EBITDA</b>	<b>3,7</b>	<b>3,3</b>	<b>+0,4</b>	<b>+14%</b>
	<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>8,6%</i>	<i>8,3%</i>	<i>+0,2%</i>	<i>+3%</i>
	<b>EBIT</b>	<b>2,2</b>	<b>1,8</b>	<b>+0,3</b>	<b>+18%</b>
	<i>EBIT-hlutfall</i>	<i>5,0%</i>	<i>4,7%</i>	<i>+0,3%</i>	<i>+7%</i>
Olís	<b>Vörusala</b>	<b>16,0</b>	<b>20,3</b>	<b>-4,4</b>	<b>-21%</b>
	<i>Vöxtur</i>	<i>-21,4%</i>	<i>-</i>	<i>-</i>	<i>-</i>
	<b>EBITDA</b>	<b>0,6</b>	<b>1,3</b>	<b>-0,7</b>	<b>-52%</b>
	<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>3,8%</i>	<i>6,2%</i>	<i>-2,4%</i>	<i>-39%</i>
	<b>EBIT</b>	<b>0,2</b>	<b>0,9</b>	<b>-0,7</b>	<b>-79%</b>
	<i>EBIT-hlutfall</i>	<i>1,2%</i>	<i>4,5%</i>	<i>-3,3%</i>	<i>-74%</i>

- **Velta verslana og vöruhúsa eykst** um 11% og EBITDA um 14% samanborið við fyrra ár
- **Velta Olís dregst** hins vegar saman um 21% og EBITDA um 52%
- **Lægri afkoma samstæðunnar** á fyrri helmingi ársins **skýrist því alfarið af mótvindi í rekstri Olís**
- **Þrátt fyrir erfiðan 1F** hjá Olís var 2F umfram væntingar og fyrra ár



# Handbært fé lækkar á 1H 2020/21 um 1,3 ma. kr.

Sjóðstreymisyfirlit 6M (ma. kr.)

- **Breyting á rekstartengdum eignum** á fyrra ári má rekja til breytinga í apríl 2019 á uppgjörsfyrirkomulagi greiðslukorta
- **Handbært fé frá rekstri lækkar** í samanburði við fyrra ár um 3,8 ma. kr. af þeim sökum
- **Fjárfestingar í fasteign** á Furuvöllum á Akureyri og framkvæmd við nýtt kæli- og frystivöruhús Aðfanga á tímabilinu
- **Ekki greiddur arður** til hluthafa vegna síðastliðins rekstrarárs en á fyrra ári nam arðgreiðsla tæpum 1,2 ma. kr.
- **Handbært fé lækkar** í lok tímabils er 889 m.kr. samanborið við 2.232 m.kr. í árslok

	6M 2020/21	6M 2019/20	Breyting
Hagnaður tímabilsins	1,2	1,7	-0,5
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	3,1	2,7	0,4
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>4,3</b>	<b>4,4</b>	<b>-0,1</b>
Rekstartengdar eignir	-0,5	2,6	-3,1
Rekstartengdar skuldir	0,7	1,2	-0,5
Greiddir vextir og skattar	-1,0	-0,9	-0,1
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>3,6</b>	<b>7,4</b>	<b>-3,8</b>
Fjárfestingarhreyfingar	-2,1	-1,5	-0,6
Fjármögnunarhreyfingar	-2,8	-3,9	1,1
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-1,3</b>	<b>2,0</b>	<b>-3,3</b>

# Áfram sterkur efnahagur við lok tímabils

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2020 (ma. kr.)

- **Rekstrarfjármunir hækkuðu um 1,1 ma. kr.**, vegna fjárfestinga í fasteignum og endurnýjun verslana
- **Birgðir í lok tímabils voru 8,4 ma. kr.** og veltuhraði birgða 11,1. Birgðir stóðu í stað frá árslokum. Veltuhraði á sama tímabili á fyrra ári var 13,2
- **Viðskiptakröfur hækkuðu um 400 m.kr.** og er innheimtutími krafna nú 11,1 dagur samanborið við 12,7 daga á sama tímabili á fyrra ári
- **Vaxtaberandi skuldir lækka** um 1,3 ma. kr. þar sem lánalína var greidd upp á tímabilinu

	31. 8. 2020	29. 2. 2020	%Δ
Rekstrarfjármunir	23,1	22,0	+5%
Óefnislegar eignir	10,5	10,5	-
Aðrir fastafjármunir	14,4	15,0	-4%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>48,1</b>	<b>47,6</b>	<b>+1%</b>
Vörubirgðir	8,4	8,4	-
Viðskiptakröfur	4,9	4,5	+9%
Handbært fé	0,9	2,2	-60%
<b>Veltufjármunir</b>	<b>14,2</b>	<b>15,2</b>	<b>-6%</b>
<b>Samtals eignir</b>	<b>62,2</b>	<b>62,7</b>	<b>-1%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>62,2</b>	<b>62,7</b>	<b>-1%</b>

	31. 8. 2020	29. 2. 2020	%Δ
Vaxtaberandi	12,1	12,2	-1%
Leiguskuldir	7,4	8,0	-8%
Tekjuskattur	2,8	2,2	+26%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>22,2</b>	<b>22,4</b>	<b>-1%</b>
Vaxtaberandi	0,5	1,7	-73%
Viðskiptaskuldir	11,7	11,1	+5%
Annað	2,5	2,9	-13%
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>14,6</b>	<b>15,8</b>	<b>-7%</b>
<b>Samtals skuldir</b>	<b>36,9</b>	<b>38,1</b>	<b>-3%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>25,4</b>	<b>24,6</b>	<b>+3%</b>


# Arðsemi undir samanburðartímabilum en áhætta takmörkuð

Lykilmælikvarðar efnahags (1H 2018/19 - 1H 2020/21)


- **Arðsemi eigin fjár er 10,7%** síðastliðna 12 mánuði.
- **Eiginfjárhlutfall** í lok tímabilsins nam 40,8% samanborið við 39,2% við árslok
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok tímabils voru 21,1 ma. kr. eða 2,4 x 12 mán. EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** lok tímabils var 0,97. Félagið hefur aðgang að 6,2 ma. kr. lánalínnum í ISK og USD
- **Veltuhraði í rekstri** á tímabilinu 10,6 dagar sem er óbreytt frá sama tímabili á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** 1,9 í lok tímabils en var 2,3 á sama tímabili á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Áhætta í rekstri

Skuldahlutfall<sup>1</sup>




Veltufjárhlutfall<sup>2</sup>




Skilvirkni eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)<sup>3</sup>



Veltuhraði eigna<sup>4</sup>



1) Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi 4) Vörusala / eignir

# Afkomuspá er útgefin og endurkaupaáætlun samþykkt

- Stjórnendur spá **8,1 til 8,6 ma. kr. EBITDA á yfirstandandi rekstrarári**, samanborið við 8,9 ma. kr. í fyrra
- Stjórn hefur ákveðið að ráðast í **endurkaup á eigin bréfum** félagsins að upphæð **500 m.kr.** frá byrjun nóvember
- Gert samkvæmt heimild aðalfundar um að stjórn geti keypt allt að 10% af útistandandi bréfum félagsins
- Áformað að **ógilda bréfin að endurkaupum loknum** í samræmi við arðsgreiðslustefnu Haga

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

**Stefna og markmið**

# Finnur í Undralandi

Upplýsinga-  
tækni

Breytinga-  
menning

Glögg er  
gests augað



# Einkenni Haga eru yfirleitt til gagns en geta líka truflað



**Stærð**



**Reynsla**




**Sjálfstæði**

**Styrkleikar**



**Veikleikar**

# Hvers vegna eru Hagar til?





# Hvernig bætum við hag neytenda?

Einbeitum okkur að því sem við erum góð í

- **Einblínum á dagvöru, eldsneyti** og tengdar vörur
- **Hefjum söluferli** á Útilíf og Reykjavíkur Apóteki

Gerum heildina sterkari en summu eininga

- **Stillum vörumerkjum Haga upp** sem ólíkum valkostum
- **Aukum ávinning samvinnu** í gegnum vöruhús og móðurfélag

Tölum við og skiljum viðskiptavini okkar

- **Segjum frá því sem við gerum** fyrir neytendur, náttúruna og samfélagið
- **Skiljum viðskiptavini okkar** og mætum þannig betur þörfum þeirra



... og fleiri atriði sem við munum vinna að innan samstæðunnar

# Við höfum sett okkur markmið sem við munum mæla til að meta árangur okkar á komandi misserum

*Færa neytendum meira fyrir minna*



*Skapa eftirsóknarverðan vinnustað*



*Skila eigendum sanngjarnri ávöxtun*



*Stuðla að bættu samfélagi*




# Horfur og staða

## Þótt áskoranir séu framundan ...

- Afkomuspá á bilinu **8,1 til 8,6 ma. kr. EBITDA** á yfirstandandi rekstrarári
- Helstu áhrifapættir:
  - **Efnahagssamdráttur** á rekstrarári
  - **Áhrif Covid** á ferðamannastraum og ferðalög Íslendinga
  - **Veiking krónu og hækkanir frá birgjum** setja þrýsting á framlegð
  - Kostnaðarsamar **launahækkanir skv. lífskjarasamningi**

## ... standa Hagar styrkum fótum

- Sterk **efnahags- og lausafjárstaða**
- Sterk **markaðsstaða helstu eininga** á dagvöru- og eldsneytismarkaði
- **Viðamiklar aðgerðir** til að tryggja öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- **Sóknarfæri** í samræmi við mótaðar áherslur og stefnu




# Spurningar?



# Gengi og stærstu hluthafar

## Gengi



### Stærstu hluthafar (1-5), eignarhlutur við lok 31.8.2020

▪ Gildi - Lífeyrissjóður	15,0%
▪ Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,7%
▪ Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	10,6%
▪ Birta Lífeyrissjóður	6,7%
▪ Stapi Lífeyrissjóður	5,6%

### Stærstu hluthafar (6-10), eignarhlutur við lok 31.8.2020

▪ Samherji hf.	4,3%
▪ Festa - Lífeyrissjóður	4,2%
▪ Íslensk verðbréf - safnreikningur	3,9%
▪ Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	2,9%
▪ Söfnunarsjóður Lífeyrisréttinda	2,8%

# Fyrirvari

---

*Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.*

*Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.*

*Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

---

